

Velferðarráðuneytið
Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra
Hafnarhúsínu við Tryggvagötu
150 Reykjavík

Akranes, 28. desember 2016

Beiðni um fjölgun hjúkrunarrýma

Undanfarin ár hefur stjórn og stjórnendur Höfða lagt áherslu á að fækka dvalarrýmum og fjölgja hjúkrunarrýmum. Á árinu 2014 samþykkti velferðarráðuneytið að breyta 5 dvalarrýmum í 5 hjúkrunarrými auk þess að heimild fékkst til að breyta 4 dvalarrýmum í 2 hjúkrunarrými. Á árinu 2015 fékkst heimild til að breyta 2 dvalarrýmum í 1 hjúkrunarrými. Fyrr á þessu ári fékk svo Höfði heimild til þess að breyta 10 dvalarrýmum í 5 hjúkrunarrými.

Í dag eru á Höfða 60 hjúkrunarrými, 1 hvíldarrými og 9 dvalarrými, frá ársbyrjun 2014 hefur rýmum á Höfða fækkað um átta við breytingu dvalarrýma í hjúkrunarrými.


Í dag standa tóm herbergi á Höfða og heimilið vel sett með starfsfólk og með litla starfsmannaveltu. Í ljósi umræðunnar um fráflæðisvanda heilbrigðisstofnana, vegna aldraðra sem eru að bíða eftir varanlegu vistunarúrræði, er það þjóðhagslega hagkvæmast fyrir samfélagið og skjótvirkast að nýta það lausa pláss sem þó er til staðar á hjúkrunar- og dvalarheimilum landsins.

Í ljósi þess að í ný samþykktum fjárlögum er gert ráð fyrir viðbót upp á 700 milljónir króna til hjúkrunar- og dvalarrýma óska stjórnendur Höfða eftir því að ráðuneytið heimili fjölgun hjúkrunarrýma á Höfða um fjögur og yrðu þá á Höfða eftir breytingarnar 64 hjúkrunarrými, 1 hvíldarrými og 9 dvalarrými eða samtals 74 rými, allt í einbýli.

Virðingarfyllst,

F.h. Höfða hjúkrunar- og dvalarheimilis


Kjartan Kjartansson
framkvæmdastjóri


Hallveig Skúladóttir
hjúkrunarforstjóri